

Ágæti viðtakandi

Íþróttavika Evrópu (European Week of Sport) verður haldin 23. – 30.

september nk. í yfir 30 Evrópulöndum.

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands hefur líkt og á síðasta ári hlotið styrk frá Evrópusambandinu í gegnum Erasmus+ styrkjakerfið vegna Íþróttaviku Evrópu. Markmiðið með Íþróttaviku Evrópu er að kynna íþróttir og almenna hreyfingu um alla Evrópu og sporna við auknu hreyfingarleysi meðal almennings. Íþróttavikan er ætluð öllum óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Sérstök áhersla er lögð á að höfða til grasrótaráttarinnar og að hvetja Evrópubúa til að sameinast undir slagorðinu **#BeActive** til þess að hreyfa sig oft og meira í sínu daglega lífi.

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands mun hefja Íþróttaviku Evrópur formlega í Laugardalnum sunnudaginn 23. september með ýmsum uppákomum, nánar auglýst síðar. Jafnframt er stefnt að því að hafa viðburði eða kynningar í hverjum landshluta og á sem flestum stöðum **um allt land. Ef að þið eruð með skemmtileg verkefni eða viðburði innan ykkar vébanda sem fallið gætu vel að markmiðum og tímasetningum vikunnar er um að gera að hafa samband við okkur. Verkefnin þurfa ekki endilega að vera ný heldur má einnig tengja við Íþróttavíkuna verkefni sem nú þegar hafa verið skipulögð af ykkar hálfu.**

Við óskum því eftir því að allir sambandsaðila ÍSÍ sem hafa áhuga á að tengjast eða taka þátt í Íþróttavíkunni með viðburðum eða kynningarstarfsemi um að hafa samband við okkur varðandi samstarf.

Hægt er að nálgast upplýsingar um tilgang og markmið verkefnisins á heimasíðu þess www.beactive.is

Verkefnið er líka að finna á Facebook:

<https://www.facebook.com/beactiveiceland/>

Vinsamlegast hafið samband við undirritaða fyrir frekari upplýsingar og ef þið hafið áhuga á að tengjast Íþróttaviku Evrópu með einhverjum hætti.

Kær kveðja

Hrönn Guðmundsdóttir

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands / The National Olympic and Sports Association of Iceland

Sviðsstjóri Almenningsíþróttasviðs

(+354) 514 4000 / (+354) 692 9025

www.isi.is



